



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA).

Forsaga:

Þann 21. mars 2013 samþykkti velferðarráð að setja á laggirnar tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) fyrir fatlað fólk. Tilraunaverkefnið byggði á IV. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Tilraunaverkefnið var framlengt þar til NPA varð lögbundið þjónustuform með tilkomu laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018. Reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018 tók gildi 27. desember 2018. Í reglugerðinni er kveðið á um framkvæmd og umgjörð NPA. Einnig hefur af hálfu félagsmálaráðuneytisins verið gefin út handbók um framkvæmd NPA og sett upp vefsíða með ýmsum upplýsingum er varða málið.

Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 og á fundi borgarráðs þann 19. mars 2019. Reglurnar öðluðust gildi þann 1. maí 2019 og gilda til 31. desember 2022. Í reglunum er gert ráð fyrir að innleiðing NPA eigi sér stað á tímabilinu 2019-2022, samanber bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018 og að fjöldi samninga sem gerðir verði á innleiðingartímabilinu miðist við það fjárframlag sem ríkissjóður ráðstafar í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af fjárhæð samninga, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 en þar segir:

Á innleiðingartímabilinu veitir ríkissjóður framlag til eftirfarandi fjölda samninga um notendastýrða persónulega aðstoð sem skal ráðstafað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem tiltekinni hlutdeild af fjárhæð samninga, á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum:

Á árinu 2018 vegna allt að 80 samninga

Á árinu 2019 vegna allt að 103 samninga.

Á árinu 2020 vegna allt að 125 samninga

Á árinu 2021 vegna allt að 150 samninga.

Á árinu 2022 vegna allt að 172 samninga.

Ákvæði þetta og fyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar auk þeirra álitaefna sem upp koma við framkvæmd laga þessara á tímabilinu skal endurskoða innan þriggja ára frá gildistöku þeirra í ljósi fenginnar reynslu. Þeir samningar sem þegar hafa verið gerðir við gildistöku laga þessara halda gildi sínu.



Fyrir gildistöku laga nr. 38/2018 voru 19 einstaklingar í Reykjavík með þjónustu í formi NPA. Í dag eru 28 einstaklingar með NPA þjónustu. Sátt hefur ríkt um þessa þjónustu af hálfu NPA notenda og ljóst er að þetta þjónustuform hefur haft mikil og jákvæð áhrif á líf og störf umræddra einstaklinga.


Staða Notendastýrðar persónulegrar aðstoðar hjá Reykjavíkurborg:

Eins og fram kemur hér að framan þá voru 19 einstaklingar í Reykjavík með þjónustu í formi NPA fyrir gildistöku laga nr. 38/2018. Í dag eru 28 einstaklingar með NPA þjónustu. Þá eiga 34 einstaklingar samþykktu umsókn um NPA og bíða eftir að þjónusta geti hafist og fjórir einstaklingar eru á bið eftir hækkun NPA samnings vegna aukinna stuðningsþarfa.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eru á landinu öllu, alls 95 samningar í gildi um NPA en samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2018 var gert ráð fyrir að samningar yrðu 172 í lok árs 2022 þegar innleiðingartímabili NPA lýkur.

Öllum gögnum frá Reykjavík vegna NPA samninga hefur verið skilað með reglubundnum hætti til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins vegna 25% mótframlags við heildarkostnað samninga. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um staðfestingu á greiðslu mótframlags fyrir árið 2022 fékkst ekki formlegt svar vegna þessa frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu fyrr en 6. september sl. en þá staðfesti ráðuneytið að ekki yrði unnt að fjölga NPA samningum frá fyrra ári. Greitt verði með samþykktum samningum sem voru í gildi í lok árs 2021. Jafnframt kom fram að framlag ráðuneytisins til NPA samninga á landsvísi fyrir árið 2022 er um 700 m.kr.

Myndin hér fyrir neðan sýnir nettó kostnað fyrir árin 2018 – 2022. Áætlað er að gjöld vegna NPA samninga á árinu 2022 verði um 1,2 ma.kr. og gert var ráð fyrir 286 m.kr. endurgreiðslu frá ríkissjóði.



Þáverandi félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason skipaði starfshóp um heildarendurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, með erindisbréfi þann 21. janúar 2021. Starfshópurinn skilaði skýrslu¹ til félags- og vinnumarkaðsráðherra í apríl 2022.

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps%20um%20heildarendursko%C3%B0un%2038-2018.pdf>



Verkefni hópsins var meðal annars: Að taka til sérstakrar skoðunar innleiðingu á ákvæði 11. gr. laganna um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), fyrirkomulag og framkvæmd ákvæðisins og reglugerðar nr. 1250/2018 um NPA auk bráðabirgðaákvæðis I.

Í skýrslu starfshópsins er m.a. fjallað um NPA og þau álitaefni sem upp hafa komið á innleiðingartímabilinu og þarf að skýra. Þessi álitaefni fjalla meðal annars um aðkomu ættingja að þjónustunni, gerviverktöku, aðstoðarverkstjórn, kostnaðarhlutföll við umsýslu, öndunarfélur, flutning fjármagns milli ára og hvort setja ætti frekari reglur um takmarkanir á því hverjir gætu fengið NPA samninga, t.d. eftir aldri eða tiltekinni þjónustupörf. Starfshópurinn skilaði tillögum varðandi þessi atriði en taldi þörf á frekari vinnu vegna þessa og lagði til að innleiðingartímabil NPA yrði framlengt um tvö til þrjú ár.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar² sem skilað var til Alþingis í október 2021 um framkvæmd og innleiðingu laga nr. 38/2018, gagnrýnir Ríkisendurskoðandi hversu lítill fyrirsjáanleiki hafi verið með fjármögnun af hálfu ríkisins og bendir á að mikilvægt sé að skýra fyrirkomulag fjármögnunar NPA samninga þannig að ákvæði laganna verði uppfyllt og að NPA samningar verði ekki háðir fyrirvörum vegna óvissu um fjármögnun. Þá benti Ríkisendurskoðandi á að afgreiðsluferli félagsmálaráðuneytis þyrfti að vera gagnsætt og skilvirkt og sveitarfélög ættu að vera upplýst um afstöðu ráðuneytisins til samninga hverju sinni.

Næstu skref:

Mikilvægt er að réttindi fatlaðs fólks séu virt í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þeim umbótum sem felast í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 komið í framkvæmd.

Ljóst er að ríkið verður að koma að fjármögnun NPA samninga með miklu sterkari hætti. Sú aukning á þjónustustigi sem NPA samningar fela í sér dregur úr samlegðartækifærum við veitingu þjónustunnar og eykur kostnað. Umsækjendur um NPA eru þegar orðnir fleiri en unnt er að mæta m.t.t. til fjárheimilda og Reykjavíkurborg er komin með hóp fólks sem sótt hefur um lögbundna þjónustu sem ekki er unnt að veita án aukinna framlaga ríkisins. Meta þarf hvort ástæða er til að endurskoða reglur Reykjavíkurborgar um NPA með tilliti til þess að setja þak á fjárhæð samninga þar sem kostnaður við samningana er meiri en ráð var fyrir gert m.a. vegna skilyrða í reglugerð um NPA. Jafnframt þarf að skoða reglur með tilliti til þess að setja skýrari reglur um forgangsroðun umsókna á meðan ekki er unnt að samþykkja fleiri samninga um NPA en raun ber vitni. Þá er brýnt að fá úr því skorið hvort innleiðingartímabil NPA verði framlengt eins og fyrrnefndur starfshópur um heildarendurskoðun lagði til.

Notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og er markmið þjónustunnar að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi og hafi val um hvernig aðstoðinni við það er háttað. Það er mikilvægt að NPA verði raunverulegur valkostur fyrir fatlað fólk. Skýra þarf fjármögnun þjónustunnar og verkferla til þess að svo geti orðið. Mikilvægt er að vanda vel til verka og til að það geti orðið þurfa sveitarfélög, ríkisvaldið og notendur þjónustunnar að taka höndum saman. NPA þjónusta er ein mesta réttarbót sem komið hefur fram fyrir fatlað fólk og þeir einstaklingar sem eru með þjónustu í formi NPA eiga það sammerkt að upplifa miklar og jákvæðar breytingar á lífi sínu.

² <https://www.ríkisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2021-thjonusta-fatlad-folk-log-nr-38-2018.pdf>